



21. mars 2013

Ávarp

Láru V. Júlíusdóttur, formanns bankaráðs.
Flutt á 52. ársfundi Seðlabanka Íslands, 21. mars 2013.

Hæstvirtur forsætisráðherra, ráðherrar, bankastjórar, sendiherrar erlendra ríkja og aðrir góðir gestir.

Nú eru liðin nær fjögur ár síðan núverandi bankaráð tók til starfa og framundan eru þingkosningar og verður þá nýtt bankaráð kosið. Við þetta tækifæri er ekki úr vegi að líta yfir farinn veg og rifja upp helstu viðfangsefni bankaráðsins og þeirrar stofnunar sem við störfum fyrir síðast liðin fjögur ár.

Þegar bankaráðið tók til starfa vorið 2009 voru afleiðingar bankahrunsins í október 2008 að koma fram af fullum þunga. Glíma þurfti við atvinnuleysi, efnahagssamdrátt, ríkisfjárhalla, gjaldeyrisskort og skuldakreppu. Seðlabankinn þurfti að taka að sér verkefni sem ekki tilheyra venjulegri starfsemi seðlabanka og nýkjörið bankaráð þurfti að leggja fram mikla vinnu við úrlausn verkefna sem fordæmi voru ekki fyrir í starfsemi bankaráða áður fyrr. Hér nefni ég stofnun Eignarhaldsfélags bankans sem yfirtók rekstur eigna sem féll í skaut bankans eftir bankahrunið. Jafnframt má nefna stofnun Greiðsluveitunnar. Einnig hefur þurft að framfylgja þeim gjaldeyrishöftum sem talið var nauðsynlegt að setja á í tengslum við efnahagsáætlun stjórnvalda og Alþjóðagjaldeyrissjóðsins. Tilgangur haftanna er og verður að tryggja sem mestan stöðugleika í gengi og hindra ótímabært útflæði á gjaldeyri sem gæti grafið undan fjármálastofnunum og efnahag landsins.

Bankaráð fylgdist náið með framgangi efnahagsáætlunar AGS og ríkisstjórnarinnar sem lauk í ágúst 2011. Verður að telja að árangurinn hafi verið með ágætum þótt því fari víðs fjarri að allir erfiðleikar vegna bankahrunsins séu að baki. Meðal þeirra verkefna sem óleyst eru er losun hafta, mótun peningastefnu til framtíðar og síðast en ekki síst að uppfylla aðalmarkmið seðlabankans sem er stöðugt verðlag í samræmi við verðbólguþolmarkmið hans.

Á síðasta ári gaf Seðlabanki Íslands út að venju ýmis áhugaverð rit og haglýsingar en hæst ber séritið *Valkostir í gjaldmiðils- og gengismálum*. Þetta umfangsmikla verk veitir mjög góða yfirsýn og greiningu á kostum Íslands í gjaldmiðils- og gengismálum. Tel ég að þarna hafi færir sérfræðingar lagt góðan grunn að upplýstri umræðu um þetta mikilvæga mál. Ég hvet sem flesta til þess að lesa þessa skýrslu og draga sínar eigin ályktanir um hvaða leið henti Íslandi best í framtíðinni.

Ársskýrslan sem liggur hér frammi lýsir í stuttu máli margbreytilegri starfsemi innan veggja Seðlabankans. Engar breytingar urðu í stjórnendaliði bankans á liðnu ári. Fjöldi starfsmanna var 178 í lok síðasta árs.

Ég mun nú stuttlega lýsa fjárhagslegri afkomu og efnahag Seðlabanka Íslands og félaga í eigu hans.

Samkvæmt rekstarreikningi var hagnaður ársins 2012 rúmir 14,3 milljarðar króna sem er svipuð afkomu ársins á undan. Vaxtatekjur lækkuðu um tæplega 20 milljarða króna sem skýrist aðallega af lækkun vaxtatekna af innlendum eignum ásamt lækkun vaxtatekna af erlendum innstæðum. Vaxtagjöld drógust lítillega saman eða um tæpan milljarð og voru um 27 milljarðar. Hreinar vaxtatekjur námu því um 14,7 milljörðum króna. Gengismunur var jákvæður um 4,7 milljarða króna en var 7,4 milljarðar 2011.

Aðrar rekstrartekjur hækkuð um rúmar 700 milljónir á milli ára og voru 5,4 milljarðar í árslok. Rekstrargjöld lækkuðu um 70% milli ára úr 26,7 milljörðum í tæpa 8 milljarða aðallega vegna minni virðisrýrnunar krafna í eigu bankans. Eignir Seðlabankans voru 1.068 milljarðar króna í árslok 2012 en 1.581 milljarður árið á undan. Ástæða lækkunarinnar er einkum fyrirframgreiðsla á erlendum lánnum ríkissjóðs og Seðlabankans. Endurgreidd voru um 53% af upphaflegri lánsupphæð frá AGS og 59% af upphaflegri lántöku við Norðurlöndin. Eignir umfram skuldir, eigið fé bankans, nam 98,1 milljarði í árslok og hækkaði um 14,3 milljarða.

Tekjuskattur félaga í eigu bankans vegna ársins 2012 nemur rúmlega 2,2 milljörðum króna. Arðgreiðslur samkvæmt reglum um framlag til ríkissjóðs nema tæpum 2,2 milljarði króna. Samtals eru þetta um 4,4 milljarðar króna.

Ágætu fundargestir

Við efnahagshrunið 2008 minnkaði traust almennings verulega á mörgum stofnunum samfélagsins þar með talið Seðlabankanum. Traust og trúverðugleiki er lykill að lausn margra þeirra vandamála sem Seðlabankinn fæst við. Þar vil ég nefna losun hafta, lækkun verðbólguvæntinga og öflun lánsfjár innanlands sem utan. Það er metnaðarmál fyrir núverandi bankaráð og alla starfsmenn bankans að stofnunin njóti trausts landsmanna og við trúum því að nokkuð hafi áunnist í því efni.

Ég vil nota þetta tækifæri til að þakka bankaráðinu og starfsmönnum bankans fyrir ágætt samstarf á árinu. Einnig vil ég minnast á að á þessum fjórum árum hef ég starfað með tveimur bankastjórum, þeim Má Guðmundssyni og Svein Harald Öygard, og aðstoðarbankastjóranum Arnóri Sighvatssyni. Vil ég þakka þeim fyrir einkar gott samstarf á liðum árum.

Við hlýðum nú á ávarp fjármála- og efnahagsráðherra og að því loknu tekur til máls Már Guðmundsson seðlabankastjóri.